

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 43/97
frá 10. júlí 1997**

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96 frá 29. febrúar 1996⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2603/95 frá 8. nóvember 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- 395 R 2603: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2603/95 frá 8. nóvember 1995 (Stjtið. EB nr. L 267, 9. 11. 1995, bls. 16).“.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2603/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 102, 25. 4. 1996, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 11, 25. 4. 1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 267, 9. 11. 1995, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 10. júlí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner